

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um nýskráningu hlutafélaga og samvinnufélaga	4 000
2. Fyrir tilkynningu um skráningu firma	1 500
3. Fyrir tilkynningu varðandi prókúruumboð	1 500
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hluta- og samvinnufélagi	500
5. Fyrir tilkynningu um breytingu á firma	1 500
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	2 000
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	400
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	250
9. Fyrir innköllun	2 000
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	850
11. Fyrir ógildingarstefnu	3 400
12. Fyrir dómsbirtingu	3 400
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentímetrum	1 150

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 185 krónum fyrir hvern dálksentímetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. október 1991. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o.fl. nr. 126 17. mars 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.